

Rekstrarstöðvunartrygging

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 272 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvá og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Rekstrarstöðvunartrygging tryggir þig fyrir fjárhagslegu tjóni sem reksturinn þinn verður fyrir ef tekjur dragast saman vegna bruna, vatns sem flæðir úr leiðslum innan veggja hússins eða innbrota.



Hvað er tryggt?

Tryggingin greiðir bætur vegna:

- ✓ Tapaðrar framlegðar í kjölfar bruna, vatnstjóns og innbrots.
- ✓ Fasti kostnaðs sem fellur ekki niður við rekstrarstöðvun.
- ✓ Aukakostnað sem fellur til á meðan.



Hvað er ekki tryggt?

Tryggingin bætir m.a. ekki:

- ✗ Rekstartap vegna verkfalls eða verkbanns.
- ✗ Rekstartap ef stöðvun framlengist vegna fjármagnsskorts eða fyrirmæla hins opinbera.



Eru einhverjar takmarkanir á tryggingunni?



Rekstrarstöðvunartrygging er eingöngu í boði ef önnur eignatrygging er keypt samhliða hjá félaginu.



Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir á Íslandi, á þeim stað sem tilgreindur er á váttryggingarskírteininu nema um annað sé samið.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum, t.d. að dyr, gluggar og önnur op inn á váttryggingarstað séu tryggilega læst og lykjar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

- Tryggingin tekur gildi við útgáfu.
- Tryggingavernd lýkur við uppsögn.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnæsta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.